



Kennsluáætlun fyrir haustönn 2022

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur: 4. bekkur

Kennari: Unnur Magnúsdóttir

Netfang: unnurm@klaustur.is

Almennt:

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lífandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Helstu markmið:

Nemendur eiga að geta lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 10.000 og táknað slíkar tölur með peningum. Skilið almenn brot. Skilið sætisgildi. Geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með fjögurra stafa tölum. Kunni litlu margföldunartöfluna og geti notað hana til að leysa margföldunar- og deilingardæmi. Þekki og geti lýst eiginleikum hringja og marghyrninga. Geti áætlað, mælt og borið saman stærðir sem segja til um tíma, lengd, þyngd, flatarmál og rúmmál. Lesið tímasetningar og reiknað tímann milli tveggja tímasetninga. Gert einfaldar kannanir, sett upp töflur og súlurit.

Hlekkur á aðalnámskra <https://adalnamskra.is/>

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

Námsgögn:

Nemendur vinna í Sprota 4a, nemendabók og æfingahefti. Viltu reyna, spil, leikir og annað ýtarefni verður notað með kennslunni.

Tímabil	Verkefni	Kennsluáðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn			
Ágúst	Hnitakerfi	Viðfangsefni sýnd á skjá.	Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
September	Tölur stærri en 1000 og minni en 0	Reiknað á töflu og í námsbækur.	
September	Samlagning og frádráttur	Stærðfræðileikir og spil. Samvinna og umræður. Rannsóknarvinna. Útikennsla.	Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,
Október	Tími, klukka	Hugarreikningur. Orðadæmi. Föndur.	
Nóvember	Margföldun og deiling		Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og
Desember	Samhverfa og mynstur		

			<p>aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,</p> <p>Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða,</p> <p>Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,</p> <p>Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,</p>
--	--	--	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat:

Leiðsagnarmat og kannanir eftir hvern kafla í Sprotu.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.